



# STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Stjórnarhættir Íslandssjóða hf. 2013

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Íslandssjóða hf. er félagið að fylgja þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland með það að markmiði að styrkja innviði Íslandssjóða og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandssjóða er aðgengileg á heimasíðu félagsins, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is).

Íslandssjóðir fengu í desember 2013 viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin er veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni ítarlegri úttekt endurskoðunarfirmatækisins KPMG ehf. Viðurkenningin er veitt til eins árs í senn.

## Lög og reglur

Íslandssjóðir eru fjármálafyrirtæki og þarf að fylgja lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og lögum um verðbréfasjóði nr. 128/2011. Félagið er hlutafélag og um starfsemi félagsins gilda lög um hlutafélög nr. 2/1995. Löggin má nálgast á vef Alþingis, [www.althingi.is](http://www.althingi.is).

Félaginu ber lagaleg skylda til að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti en í störfum sínum hefur stjórn félagsins til hliðsjónar áður nefndar leiðbeiningar ásamt Handbók stjórnarmanna, útgefni af KPMG.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (4. útgáfu) er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands [www.vi.is](http://www.vi.is).

## Um félagið

Íslandssjóðir eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingarsjóða. Hlutverk Íslandssjóða er að stýra eignum á faglegan hátt þar sem hagsmunir viðskiptavina eru ávallt í fyrirrúmi. Félagið var stofnað árið 1994 og nefndist þá Rekstrarfélag VÍB hf.

Íslandssjóðir hf. hafa gert samning við Íslandsbanka þar sem Íslandsbanki tekur að sér ákveðin verkefni fyrir Íslandssjóði á grundvelli 18. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði nr. 128/2011. VÍB, Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka tekur að sér að hafa milligöngu um sölu og innlausn hlutdeildarskírteina, markaðssetningu, ráðgjöf og aðra þjónustu við eigendur hlutdeildarskírteinishafa. Rekstrar- og upplýsingatækni við Íslandsbanka annast bókhald sjóðsdeilda, útreikning á innlausnarvirði og viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóðsdeilda/sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum í samræmi við skyldur vörslufyrirtækja samkvæmt c-lið II. kafla laga nr. 128/2011. Þá hefur félagið gert samninga við Íslandsbanka um útvistun regluvörslu og innri endurskoðunar til bankans.

Íslandssjóðir voru á meðal framúrskarandi fyrirtækja ársins 2011, 2012 og 2013 samkvæmt ítarlegu styrk- og stöðugleikamati Creditinfo.

Starfsmenn félagsins voru 18 í árslok 2013.

## Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess sem hittast á hluthafafundum að minnsta kosti einu sinni á ári. Hluthafar fá send afrit af fundargerðum hluthafafunda. Á skrifstofu félagsins að Kirkjusandi 2, 105 Reykjavík er haldin skrá yfir hluthafa þess og er hún aðgengileg hluthöfum.



## Stjórn Íslandssjóða

Stjórn Íslandssjóða samanstendur af fjórum aðalmönnum og fjórum varamönnum og eru þeir allir kosnir á aðalfundi félagsins til eins árs í senn. Kynjahlutfall stjórnar er 50% konur og 50% karlar og er kynjahlutfall varamanna það sama.

Stjórn félagsins ber meginábyrgð á rekstri þess og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna sem henni ber sjálfri að annast nema heimild sé veitt í lögum til að framselja valdið með umboði.

Á starfsárinu 2013 hittist stjórnin á 17 formlegum stjórnarfundum, þar af var einn fundur haldinn með rafrænum miðlum. Allir fundir voru ákvörðunarbærir og á flestum fundum voru allir stjórnarmenn mættir.

### Helstu hlutverk stjórnar:

- Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
- Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
- Að ráða framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.
- Að eiga aðild að samningum um launakjör starfsmanna og réttarstöðu þeirra gagnvart félaginu.
- Að taka ákvörðun um afskriftir eigna félagsins.
- Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi félagsins.
- Að veita prókúruumboð fyrir félagið.
- Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á.m. að halda hlutaskrá um hluthafa.
- Stjórn skal ávallt fjalla um stofnun, slit og sameiningu sjóða í rekstri félagsins.
- Stjórn skal árlega meta störf sín verklag og starfshætti auk þess að meta störf framkvæmdastjóra félagsins.

Stjórnarmenn skulu jafnframt þekkja þau lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda og þurfa að taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Auk þess þurfa þeir að hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins, tryggja að til staðar sé innra eftirlit, að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt og að lögum og reglum sé fylgt í rekstrinum. Einnig að annast um að skipulag félagsins sé jafnan í góðu horfi og að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt. Stjórnarmenn þurfa að haga störfum sínum í samræmi við góða stjórnarhætti sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði, NASDAQ OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

## Stjórnarmenn Íslandssjóða

Steinunn Bjarnadóttir er formaður stjórnar. Hún er fædd árið 1956. Að aðalstarfi er hún forstöðumaður reksturs og innra eftirlits hjá VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka. Hún var fyrst kjörin í stjórn félagsins í maí 2009 og var strax kjörin formaður stjórnar. Hún er rekstrarfræðingur og er með próf í verðbréfavíðskiptum. Steinunn situr í starfskjaranefnd Íslandssjóða. Hún situr ekki í stjórnnum annarra fyrirtækja. Hún á ekki eignarhlut í félaginu en vinnuveitandi hennar, Íslandsbanki, á 99,7% hlut í félaginu og telst hún því vera háð stórum hluthafa félagsins en er óháð félaginu.

Kristján Björgvinsson er varaformaður stjórnar. Hann er fæddur árið 1964. Að aðalstarfi er hann framkvæmdastjóri fjármálasviðs MS. Hann var fyrst kjörinn í stjórn félagsins sem varamaður en kom inn sem aðalmaður í apríl 2012. Hann er viðskiptafræðingur með M.Sc. gráðu í fjármálum auk þess að vera löggiltur endurskoðandi og með próf í verðbréfavíðskiptum. Kristján situr í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd Íslandssjóða. Hann situr í stjórnnum annarra félaga tengdum störfum hans hjá MS. Kristján á ekki eignarhlut í félaginu og er óháður bæði félaginu og stórum hluthöfum þess.

Bolli Héðinsson er fæddur árið 1954. Aðalstarf hans er fjármálaráðgjöf auk kennslu í hagfræði, fjármálum og reikningshaldsgreinum við Tækni- og verkfræðideild HR og Viðskiptafræðideild HÍ. Hann var fyrst kjörinn í stjórn félagsins í apríl 2009. Hann er með lokapróf í þjóðhagfræði frá HÍ og MBA próf frá University of Rochester, New York. Bolli situr í stjórnnum innlendra og erlendra félaga. Hann á ekki eignarhlut í félaginu og er óháður bæði félaginu og stórum hluthöfum þess.

Erna Eiríksdóttir er fædd árið 1963. Að aðalstarfi er hún forstöðumaður fjárfestatengsla hjá Eimskip. Hún var fyrst kjörin í stjórn sem varamaður en kom inn sem aðalmaður í október 2009. Erna er viðskiptafræðingur með MBA gráðu auk þess að vera með próf í verðbréfavíðskiptum. Hún er jafnframt formaður endurskoðunarnefndar Íslandssjóða. Erna situr í stjórn Fjarskipta hf. (Vodafone) og er varamaður í stjórn Advania hf. Hún á ekki eignarhlut í félaginu og er óháð bæði félaginu og stórum hluthöfum þess.

### Starfsreglur stjórnar

Stjórn félagsins hefur sett sér starfsreglur sem voru endurskoðaðar og samþykktar þann 23. september 2013. Starfsreglur stjórnar má nálgast á heimasíðu félagsins.

### Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat í mars 2013. Við matið var rætt um styrkleika og veikleika stjórnar, samsetningu og fjölda stjórnarmanna. Að auki var farið yfir fundargerðir og skoðað m.a. hvort eftirfylgni mála væri næg og hvort stjórn hefði farið eftir starfseglum. Auk þess var farið yfir matsblað þar sem þekking stjórnarmanna og reynsla var metin og mat var lagt á hvernig stjórn sinnir hlutverki sínu.

### Skipan og starfsemi undirnefnda

Tvær undirnefndir eru starfandi undir stjórn félagsins, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Starfsreglur kveða á um hvernig skuli skipað í undirnefndir.

Endurskoðunarnefnd skal skipuð tveimur til þremur mönnum og skal að lágmarki einn þeirra vera úr stjórninni sjálfri. Stjórn kýs nefndarmenn auk þess sem formaður nefndarinnar er kjörinn sérstaklega. Stjórn gefur út erindisbréf til endurskoðunarnefndar sem hún starfar eftir. Nefndarmenn endurskoðunarnefndar á árinu 2013 voru Erna Eiríksdóttir, formaður nefndarinnar, Kristján Björgvinsson og Þorgerður Marinósdóttir, starfsmaður fjármálasviðs Landsvirkjunar.

Starfskjaranefnd skal skipuð formanni og varaformanni stjórnar. Hlutverk nefndarinnar er útfært í erindisbréfi nefndarinnar. Nefndarmenn starfskjaranefndar á árinu 2013 voru Steinunn Bjarnadóttir og Kristján Björgvinsson.

### Framkvæmdastjóri Íslandssjóða

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins gagnvart stjórn þess og hluthöfum. Skal hann annast um að hagkvæmni og settum markmiðum verði sem best náð í rekstri og starfsemi félagsins. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi félagsins. Núverandi framkvæmdastjóri og jafnframt prókúruhafi er Haraldur Örn Ólafsson.

Haraldur er fæddur árið 1971 og er hæstaréttarlögmaður og með próf í verðbréfavíðskiptum. Hann tók við sem framkvæmdastjóri félagsins í september 2012 en áður hafði hann um árabíl starfað í lögfræðideild Íslandsbanka og verið ráðgjafi bæði Íslandssjóða og VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka.

Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru skilgreindar í samþykktum félagsins og í starfsreglum stjórnar en að auki er til sérstök starfslýsing framkvæmdastjóra frá mars 2013 þar sem ábyrgðarsvið og verkþættir eru skilgreindir.

Samkvæmt samþykktum hefur framkvæmdastjóri með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og ákvarðanir stjórnar. Þar segir jafnframt að framkvæmdastjóra sé óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

Starfsreglur stjórnar kveða á um að framkvæmdastjóri skuli annast rekstur í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar, undirbúa fundi stjórnar í samráði við formann og sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Með umboði stjórnarformanns getur hann boðað fundi stjórnar og boðað varamenn í forföllum aðalmanna í samráði við stjórnarformann félagsins.

Starfslýsing framkvæmdastjóra kveður á um að hann beri ábyrgð á að sjóðir í stýringu, rekstrarfélagið og umsýsla sjóða sé í samræmi við lög og reglur. Hann á að sjá til þess að innra eftirlit og áhættustýring sé til staðar, hafa

umsjón með starfsmanna- og launamálum í samráði við stjórnarformann, að stýra vöruframboði félagsins og hafa samskipti við opinbera aðila, s.s. Fjármálaeftirlitið.

### Helstu þættir innra eftirlits og áhættustýringu félagsins

Innan félagsins er sérstök deild sem sinnir áhættustýringu og hefur með höndum verkefni sem lúta að innra eftirliti. Regluleg verkefni áhættustýringar eru m.a. að hafa eftirlit með fjárfestingum sjóða og safna, framkvæma áhættumat Íslandssjóða, sjá um gerð RCSA rekstraráhættuskýrslna, bæði árlegrar skýrslu auk sérgreinds mats, gerð ICAAP skýrslna og mánaðarlegrar skýrslu um áhættumælikvarða Íslandssjóða. Deildin sér einnig um eftirfylgni með kauphallarreglum. Hjá félaginu er starfandi áhættunefnd sem er skipuð framkvæmdastjóra, áhættustjóra og greiningarsérfræðingi úr sjóðastýringu. Nefndin metur útgefendur verðbréfa og form fjárfestingarkosta og veitir starfsmönnum og stjórnendum félagsins ráðgjöf um ýmis áhættutengd málefni.

Stjórn hefur gert þjónustusamning um innri endurskoðun við innri endurskoðun Íslandsbanka. Innri endurskoðandi sér um úttektir á starfsemi félagsins og veitir endurskoðunarnefnd og stjórn reglulega upplýsingar auk þess að skila árlega skýrslu til bæði endurskoðunarnefndar og stjórnar. Félagið hefur einnig gert þjónustusamning um regluvörslu við Íslandsbanka.

### Ársreikningar félagsins

Starfsár Íslandssjóða er frá 1. janúar til 31. desember. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins. Ársreikningi vegna rekstrarársins 2012 var skilað til ársreikningaskrár 10. júní 2013.

### Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Gildi félagsins eru eftirfarandi: Fagleg – Jákvæð – Framsýn.

Félagið hefur sett sér siðareglur samþykktar af stjórn 3. september 2012. Reglurnar eru birtar á heimasíðu félagsins. Reglurnar gilda fyrir alla starfsemi, starfsmenn og stjórnendur félagsins og þá verktaka sem ráðnir eru í einstök verkefni og er ætlað að leiðbeina við framkvæmd daglegra starfa. Í reglunum koma eftirfarandi viðmið fram:

- Við erum fagleg.
- Við drögum úr hættu á hagsmunaárekstrum.
- Við virðum trúnað.
- Við veitum réttar upplýsingar.
- Við erum til fyrirmyndar.

Félagið hefur sett sér reglur um hagsmunaárekstra og reglur um verklag félagsins sem eru birtar á heimasíðu félagsins.

Íslandssjóðir vinna nú að mótun stefnu um samfélagsábyrgð meðal annars með því að stuðla að bættu regluverki og vera leiðandi í góðum viðskiptaháttum. Hlutverk Íslandssjóða er að stýra eignum á faglegan hátt þar sem hagsmunir viðskiptavina og almennings eru ávallt í fyrirrúmi. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu fyrir árslok 2014.

### Upplýsingar um brot á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Íslandssjóðir hafa ekki verið aðili að málum hjá eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum sem varða brot á reglum.